

L Ö G**um vitagjald.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem er 5 rúmlestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, kr. 10,00 af hverri brúttórúmlest, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða kr. 1,50 í vitagjald af hverri rúmlest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannazt í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 100,00 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

2. gr.

Tekjum af vitagjaldi skal varið til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins.

3. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni vitagjalds dagbók skipsins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra sektum allt að kr. 100.000,00, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald, með síðari breytingum skv. 1. gr. laga nr. 18 10. apríl 1946 og 19. gr. laga nr. 4 20. febrúar 1960.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.